

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið hér í umdæminu.

Miðvikudaginn 18. dez. 1929.

Nr. 95/1929.

Fjóla Stefáns (Pétur Magnússon)
 gegn
fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs
 (Lárus Fjeldsted).

Skaðabætur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1929:
 Stefndur, fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Fjólu Stefáns, í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi, hefir áfrýjandi gegnt ráðskonustöðunni við heilsuhælið á Vífilsstöðum frá 1. apríl 1919 til síðastliðinna áramóta, er hún var látin hætta þessu starfi. Eftir skýrslu stefnda finnast engin skilríki fyrir því í dómsmálaráðuneytinu, að það hafi ráðið áfrýjanda til umgetins starfa, og verður því að telja vist, að ráðuneytið hafi á sinum tíma falið yfirlækninum við hælið að ráða hana eða að minnsta kosti eftir á samþykkt ráðninguna. Hefir yfirlæknirinn gefið þá yfirlýsingu, að hann hafi ráðið áfrýjanda með 6 mánaða uppsagnarfresti frá beggja hálfu, og með því að þessi uppsagnarfrestur verður eigi talinn óeðlilega langur og auk þess í samræmi við uppsagnarfrest þann, sem ákveðinn er í erindisbréfi handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dags. 10. sept. 1898 og í erindisbréfi handa ráðskonu geðveikrahælisins á Kleppi, dags. 14. febr. 1908, verður að álíta, að áfrýj-

anda hafi borið þessi uppsagnarfrestur, og með því að hinn stefndi fjármálaráðherra hefir ekkert haft að athuga við upphæð skaðabótakröfu áfrýjanda né vaxta-kröfuna, ber að taka þær til greina.

Samkvæmt framansögðu ber því að fella hinn áfrýjanda dóm úr gildi og dæma fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, til að greiða áfrýjanda, 1200 kr. ásamt 6 % ársvöxtum frá 24. jan. þ. á. til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum verður stefndi og að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti er ákveðst 400 kr.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, greiði áfrýjanda, Fjólu Stefáns, 1200 kr. með 6 % ársvöxtum frá 24. jan. þ. á. til greiðsludags og 400 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað ungfrú Fjóla Stefáns, fyrrum ráðskona á heilsuhælinu á Vífilstöðum, með stefnu, dags. 5. febr. þ. á., gegn fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, til greiðslu á kr. 1200.00 ásamt 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi, 24. jan. þ. á. til greiðsludags og málskostnaðar að upphæð kr. 176.00. Stefnur hefir aðallega krafizt algjörðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að úrslit málsins væri látin velta á eiði yfirlæknisins á Vífilstöðum um umboð hans af hendi ríkisstjórnarinnar til að ráða stefnanda til starfsins.

Atvik til málshöfðunar þessarar eru sögð þessi: Með bréfi, dags. 4. okt. s.l., fól dómismálaráðuneytið yfirlækninum á Vífilstöðum að segja upp frá áramótum nokkrum starfsmönnum við heilsuhælið og þar á meðal stefnanda, er var tilkynnt uppsögnin 6. s. m. Með bréfi, dags. 8. s. m., tjáði yfirlæknirinn dómismálaráðuneytinu, að stefnandi væri ráðin með 6 mán-

aða uppsagnarfresti, en dómsmálaráðuneytið svaraði því bréfi með synjun um að taka þá staðhæfingu til greina og að ný ráðskona mundi koma að hælínu um áramótin. Með bréfi 22. dezbr. s.l. spurðist því næst stefnandi fyrir í fjármálaráðuneytinu, hvort henni yrði greitt kaup, er svaraði 6 mánaða uppsagnarfresti, en þeirri fyrirspurn svaraði dómsmálaráðuneytið með bréfi, dags. 15. jan. s.l., þannig, að krafa hennar gegn ríkissjóði verði ekki tekin til greina, og hefir stefnandi því lagt málið undir úrskurð dómstólanna.

Stefnandi kveðst hafa tekið við ráðskonustarfinu 1. apríl 1919 »eftir beiðni yfirlæknisins«, er hefir gefið vottorð, dags. 27. s.l., að hann hafi ráðið stefnanda í ráðskonustöðuna með þeim skildaga, »að 6 mánaða uppsagnarfrestur væri frá hennar hálfu og heilsuhælisins«, og að hann hafi annast þessa ráðningu »með fullu leyfi stjórnarráðsins«. Þetta vottorð er það gagn, sem stefnandi byggir málssókn sína á og sundurliðar kröfu sína þannig: Kaup frá 1. jan. til 6. apríl 1929, kr. 250.00 á mán., kr. 800.00. Uppbót til fæðis og húsnæðis sama tíma kr. 125.00 á mán., kr. 400.00, samtals kr. 1200.00, sem svara eigi til kaups og hlunninda fyrir þann tíma, sem á vantaði 6 mánaða uppsagnarfrest. Telur stefnandi nefnt vottorð yfirlæknisins vera embættisvottorð, sem sanni að fullu, að yfirlæknirinn hafi annast ráðninguna í umboði ríkisstjórnarinnar, enda sé uppsagnarfrestur ákveðinn í samræmi við ráðningarskilmála um hliðstæðar stöður, þ. e. ráðskonustöðuna á Laugarness- og Kleppsspítulum. En þar er þessum málum skipað með lagalegum fyrirmælum.

Aðiljar eru sammála um það, að ráðning stefnanda í ráðkonustarfið heyri beint undir ríkisstjórnina, enda er það in confesso, að ráðherra réð æðra starfsfólk að Vífilsstöðum, eða skipaði það í stöður sínar, í fyrstu eftir að ríkið tók að öllu leyti við heilsuhælinu, og það er ekki kunnugt, að yfirlækni hafi verið fengið það vald síðar. En annars virðist engin lög, reglugjörðir eða erindisbréf hafa verið sett um rekstur heilsuhælisins og um ráðningu stefnanda liggja alls engin skilríki fyrir nema greint vottorð, sem ekki hefir verið staðfest. Stefnundur fullyrðir því, að ríkisstjórnin hafi engin afskifti haft af ráðningu stefnanda og geti ekki gefið yfirlækninum nokkurt umboð til að ráða stefnanda og óstaðfest vottorð yfirlæknis um þetta sé ónógt sönnunargagn.

Það verður að telja það nægilega upplýst í málinu, að ráðn-

ing ráðskonu að heilsuhælinu falli ekki undir embættissvið yfirlæknis, og vottorð hans í málinu getur því ekki talizt embættisvottorð og hefir ekki sterkara sönnunargildi en almennt v ttorð heiðarlegs manns, og þar sem því hefir verið mótmælt af stefndum, að yfirlæknirinn hafi haft umboð af hálfu stjórnarinnar til að annast ráðninguna, eru ekki fengnar sannanir fyrir því, að ráðningin hafi verið bindandi fyrir ríkisstjórnina í upphafi. En þá vaknar sú spurning, hvort ráðningin hafi ekki siðarmeir verið samþykkt í verki þegjandi af landsstjórninni, og því orðið bindandi fyrir hana með ákvæðinu um 6 mánaða uppsagnarfrest, sem gildir um ráðskonustöðurnar í Lauganesi og á Kleppi. Þótt þetta kunni nú ekki að virðast ólíklegt, þá þarf það enganveginn að fara saman, að samskonar reglur gildi um sambærilegar stöður og ber því ekki að sjálfsgöðu að beita sérreglum, sem gilda um ráðskonustarfið á nefndum spítölum, einnig um samskonar starf á Vífilsstöðum, enda horfir málið nokkuð öðruvisi við, er stefnandi tók við starfinu og síðan, en áður var, er greindir spítalar voru settir á stofn, þá var nokkur hörgull á konum, er fullfærar þættu til að taka við svona sýslan, en á síðari árum hefir sérmenntun kvenna á þessu sviði orðið svo almenn, að engin þörf virðist hafa verið á hvoruga hlið að binda þessa stöðu með afbrigðilega löngum uppsagnarfresti. Afskiftaleysi ríkisstjórnarinnar af stöðu stefnanda þykir því ekki eiga að afla henni sérstöðu þá um ráðningarskilmála, sem hún heldur fram. Hirðuleysi beggja aðilja um að gjöra bréflégan samning sín á milli um stöðuna þykir aftur á móti benda til, að hvor í sínu lagi hafi viljað hafa sem óbundnastar hendur gagnvart hinum, stefnandi til að vikja úr vistinni og stefndur eða ríkisstjórnin til að segja vistinni upp, að þessu athuguðu, virðist stefnandi ekki eiga kröfu til 6 mánaða uppsagnarfrests, og það verður að telja að stefnanda hafi verið tilkynnt það með nægilegum fyrirvara, að hún átti að vikja frá starfinu.

Það ber því að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir að láta málskostnað falla niður.